

Æskulýðsnefnd hestamannafélagsins Sleipnis.

Ársskýrsla veturinn 2019-2020



Æskulýðsstarfið.....	3
Æskulýðsnefnd Sleipnis 2020.....	3
Jólabingó 2019.....	4
Vetrarstarfið.	4
Reiðnámskeið.	4
Almenna námskeiðið.	5
Fimi og fjör.....	5
Keppnisnámskeiðið.....	6
Námkeið eftir Covid pásu.	7
Þetta frestaðist vegna Covid – 19.	8
Viðburðir án hesta en um hesta.	8
17. júní.	8
Mót.	9
Íslandsmót Barna og unglina 18-21 júní 2020.	10
Svipmyndir frá Íslandsmóti Barna og unglina.	14
Reiðskóli Sleipnis og Oddnýjar Láru.....	16
Annað sem Æskulýðskrakkar brölluðu.....	16
Hauststarfið.	18
Að lokum.....	18

Æskulýðsstarfið.

Hestamannafélagið Sleipnir var stofnað 9. Júní 1929. Sleipnir er fjölmennt hestamannafélag, þar sem gleði og samheldni ræður ríkjum og hefur æskulýðsstarf þess ætíð verið nokkuð virkt. Í Sleipni eru krakkar frá Selfossi og úr nærsveitum.

Markmið æskulýðsnefndarinnar er að vinna að öflugu og fjölbreyttu æskulýðsstarfi, sem tekur á sem víðastann hátt á öllu því sem hestamennskan hefur upp á að bjóða. Reynt er að ná til bæði þeirra sem vilja iðka hestamennskuna sem keppnisíþrótt og einnig sem félagsstarf og áhugamál. Með því að bjóða upp á sem fjölbreyttast starf erum við bæði að reyna að stuðla að nýliðun meðal ungu knapanna okkar og eins að halda í þá sem komnir eru upp í unglinga- og ungmennaflokk.

Í vetur var margt á dagskrá og helling sem búið var að skipuleggja, bæði viðburði með og án hesta og gaman var að sjá hversu þátttaka var góð í öllum sem hægt var að bjóða upp á og hversu áhugasama þátttakendur við eigum.

Þegar Covid – 19 faraldurinn fór að ágerast lögðum við í nefndinni ásamt reiðkennurum höfuð í bleyti og reyndum að vera eins útsjónasamar og hægt var, til að halda einhverju starfi gangandi svo lengi sem leyfi fékkst til slíks. Við fækkuðum í hópum, settum upp spritt og annan hreinlætisbúnað, bönnuðum áhorfendur, breyttum sætisæfingatímum og þeim tímum sem kröfðust sameiginlegra snertiflata og náðum nokkrum tímum eftir þessar breytingar. Í byrjun apríl þurfti þó að fella niður námskeiðshald og fresta öllum viðburðum, þegar kröfur um fjarlægðamörk, sóttvarnir ofl, var orðið of stíft.

Við héldum þó áfram með námskeiðin í breyttri útgáfu þegar færi gafst og lengdum t.d. keppnisnámskeið út sumarið, en margt af því sem við ætluðum að bjóða upp á þurfti að fella niður. Félagið hélt þó glæsilegt Íslandsmót barna og unglina í júní, sem var mjög vel sótt og tókst að okkar mati mjög vel í alla staði.

Það má því segja að veturinn 2019-2020 hafi ekki verið eins viðburðarríkur og plön gerðu ráð fyrir hjá okkur í Sleipni, eins og örugglega öllum öðrum félögum

Æskulýðsnefnd Sleipnis 2020.

Æskulýðsnefnd Sleipnis 2020 er skipuð eftirfarandi einstaklingum:

Guðrún Linda Björgvinsdóttir, formaður

Guðrún Lovísa Ólafsdóttir

Tone Marit Torgeirsdóttir Lien

Ragnhildur Loftsdóttir

Þórdís Sigurðardóttir

Bianca Elísabet Treffer

Hafdís Bjarnadóttir.

Anna Björg Nielsdóttir er tengiliður æskulýðsnefndar við stjórn Sleipnis.

Jólabingó 2019.

Okkur fannst vanta eitthvað sem myndi hrista krakkana saman á haustmánuðunum og ákváðum að prófa að hafa bingó.

Leitað var til fyrirtækja í bænum og fengum við vægast sagt frábærar viðtökur og enduðum með 31 vinning. Bingóið var haldið 30. nóvember og var mæting mjög góð. Boðið var upp á vöffur, piparkökur og kakó. Klárlega eitthvað sem við munum endurtaka.



Vetrarstarfið.

Kynningarfundur á fyrirhuguðu vetrarstarfi Æskulýðsnefndar Sleipnis var haldinn í byrjun janúar í félagsheimili hestamannafélagsins Sleipnis á Selfossi, Hlíðskjálfi. Meðlimir Æskulýðsnefndar kynntu sig og farið var yfir fyrirhugaða dagskrá komandi vetrar. Reiðkennarar vetrarins komu og kynntu sig og þær áherslur sem þær ætla að vera með á námskeiðum vetrarins. Metþátttaka var á fundinum, tæplega 60 manns mættu og áttu skemmtilega kvöldstund með okkur, þar sem bæði börn og fullorðnir komu með spurningar og hugmyndir að starfi vetrarins. Fundurinn endaði á pizzapartýi. Frábært upphaf af vetrinum sem gaf okkur vonir um gott og farsælt starf.

Reiðnámskeið.

Markmið námskeiða er að efla börn í hestamennskunni. Kenna þeim undirstöðuatriði í þjálfun, hvort sem það lýtur að keppnisbrautinni eða umhirða hestsins yfir höfuð. Við reynum að hafa námskeiðin okkar fjölbreytt þannig að við náum til sem flestra, bæði ungu kynslóðarinnar og þeirra sem eldri eru.

Boðið var upp á þrenns konar reiðnámskeið í upphafi vetrar, Almenn námskeið, sem hugsað er fyrir þá minnst vönu, námskeiðið Fimi og fjör sem á að kynna nemendum allar hliðar hestamennskunnar og keppnisnámskeið. Námskeiðin hófust 27. og 28. janúar og voru haldin

einu sinni í viku í Reiðhöll Sleipnis. Kennt var á mánudögum frá kl. 17-22 og á þriðjudögum frá kl. 16:30-22:00.

Almenna námskeiðið.

Almenna námskeiðið stóð yfir í 8 vikur, 45 mínútur í senn. Kennari var Árný Oddbjörg Oddsdóttir og voru þátttakendur 11 talsins, á aldrinum 4-10 ára, þeim var aldurs og getuskipt og kennt var í 2 hópum.

Á almenna námskeiðinu var farið í alskonar æfingar á hestinum og var áhersla lögð á leiki, þrautir í bland við sætisæfingar, gangtegunir og almenna fræðslu eins og undirstöðuatriði er varðar útbúnað og umhirðu hestsins en umfram allt horft á að hver og einn hafi gaman að tímanum, læri eitthvað við sitt hæfi og njóti hestamennskunnar. Enduðu þessir tímar oft á eltingaleik eða öðru því sem nemendurnir vildu í það skipti.



Fimi og fjör

Fimi og fjör námskeiðið stóð yfir í 8 vikur, 50 mín í senn. Þátttakendur voru 30 talsins og kennt var í fimm hópum, þar sem horft var til aldurs og getu hvers nemenda

þar sem við vildum reyna að ná meira til og halda lengur í þá krakka og unglunga sem eru kannski ekki mikið að huga að keppnum, og eins fyrir þá sem vilja kynnst öllum hliðum hestamennskunnar, fengum við hugmynd að þessu námskeiði og eins með mótarröðina Æska suðurlands til hliðsjónar þar sem keppt er í greinum á borð við smala, hindrunarstökk og fimi. Á þessu námskeiði, sem hugsað er fyrir þá sem eru komnir aðeins lengra í hestamennskunni, en eru áhugasamir og vilja læra nýja hluti, er farið í sætisæfingar, stjórnun þar sem meðal annars er kennt að minnka ábendingar til hestsins og lögð áhersla á að nota sem minnstu og mýkstu ábendingarnar, farið var í hindrunarstökk, brokkspýruæfingar, smalabrautir, fimíæfingar og riðin fimiprógrömm, riðið berbakt og allt sem okkur og krökkunum datt í hug að framkvæma. Kennari á þessu námskeiði var Áslaug Fjóra Guðmundsdóttir.

Nemendur á þriðja ári hestabrautar FSu tóku þátt í kennslunni í nokkrum tímum. Er það hluti af námi þeirra og þar sem Áslaug Fjóra er einnig kennari FSu vorum við svo heppin að fá þau með okkur í tímana. Var reiðhöllinni þá yfirleitt skipt í tvennt og hópunum skipt í minni hópa þar sem þau voru að kenna hestum sínum ýmsar æfingar.



Keppnisnámskeiðið.

Við breyttum sniði keppnisnámskeiðsins í fyrra, þar sem okkur fannst vanta kennslu úti á keppnisvelli, þar sem flest mótin fara jú fram. Eins vildum við að nemendurnir fengju meiri fræðslu á lögum og reglum sem gilda á mótum, t.d. bara það hvernig eigi að ríða í og úr braut, hvernig uppbygging prógramma er og hvað dómarar horfa helst á.

Við héldum okkur við þetta skiptulag á námskeiðinu í ár, en færðum almennu fræðsluna yfir í að vera kennda í tímunum, í stað þess að í fyrra vorum við með bóklegan tíma í upphafi námskeiðsins. Námskeiðið varð því persónulegra þar sem kennari og knapi ræddu saman í

upphafi hvers tíma um hvaða áherslur knapinn vildi fara í í tímanum, hvort hann væri í vandræðum með eitthvað atriði eða vildi læra eitthvað betur. Eins minnkuðum við hópana frá því sem var í fyrra og höfðum að hámarki tvo saman í tíma. Námskeiðið fór að hluta til fram inni í reiðhöll á þriðjudögum, þar sem nemendur voru 1-2 saman í 20/40 mínútur, en svo einnig úti á keppnisvelli. Þegar út var komið var nemendunum skipt upp þannig að hver nemandi var einn inn á vellinum. Kennari var Árný Oddbjörg Oddsdóttir og þáttakendur voru 10 á aldrinum 12-18 ára.



Námkeið eftir Covid pásu.

Um leið og grænt ljós kom frá almannavörnum um að barna og unglingastarf mætti hefjast, byrjuðum við aftur með námskeiðin okkar. Við fórum af stað með Fimi og fjör námskeið 4 maí og var það til 25 maí. Góð þáttaka var á námskeiðinu og allir fegnir að geta byrjað aftur í einhverju skipulagi. Við minnkuðum hópana og pössuðum upp á að engir sameiginlegir snertifletir væru á námskeiðinu. Eins var áhorfendabann, nema að undantekning var tekin í yngstu hópunum, þar sem aðstoðarmenn voru nauðsynlegir. Kennari á þessu námskeiði var eins og áður Áslaug Fjóra

Við fórum einnig aftur af stað með keppnisnámskeið og endaði það námskeið á að vera út júlí vegna mikillar eftirspurnar frá nemendum um að hafa námskeiðið á meðan keppnistímabilið væri. Lauk seinasta námskeiðstíma sumarsins 4. ágúst. Fóru sumar keppnisnámskeiðið eingöngu fram á keppnisvellinum og um einkatíma var að ræða. Var þar farið í atriði er tengdust keppnum sumarsins og eins bara almenn atriði er varðar hestamenskuna í heild sinni. Kennari á sumar keppnisnámskeiðinu var Árný Oddbjörg.

Þetta frestaðist vegna Covid – 19.

Það sem fyrirhugað var á árinu en þurfti að fella niður vegna Covid – 19 var:

- Mótaröðin Æska Suðurlands sem er samvinnuverkefni hestamannafélaga á Suðurlandi.
- Framhaldi af fjölmennari námskeiðunum okkar.
- Hestafjóri.
- Vorreiðtúr.
- Vorhátíð
- Hestaferðinni okkar (Hugmyndir voru um að fara í lengri ferð með krökkunum)
- Fánareið 1 maí og 17 júní
- Teyming 1 maí.
- Fyrirlestri með íþróttadómara.

Viðburðir án hesta en um hesta.

Ágúst Hafsteinsson gæðingadómari kom og ræddi við krakkana um áherslur gæðingadómara og gæðingakeppnina yfir höfuð, skemmtilegt kvöld og mikill fróðleikur sem Ágúst hafði fram að færa.



17. júní.

Engin skruðganga var á 17.júní og því ekkert um fánareið hjá okkar fólki. Sleipnir bauð þó upp á að teymt var undir krökkum í Reiðhöllinni. Löng röð er alltaf út úr dyrum og fjölmargir sem koma til

okkar á hestbak. Sjá krakkar úr æskulýðsstarfinu yfirleitt um að teyma undir gestunum, undir vökulu auga æskulýðsnefndarinnar.



Mót.



Færri mót voru því miður í ár en undanfarin ár, en æfingar vetrarins skiluðu sér þó á keppnisbrautina og voru Sleipnis krakkarnir dugleg að taka þátt í þeim mótum sem tókst að halda. Eins á Sleipnis nokkra knapa í unglina- og ungmennflokki, sem hafa verið að standa sig frábærlega á stóru mótunum og erum við ákaflega stolt af þeim.

Æskulýðsnefnd aðstoðaði Keppnisnefnd Sleipnis við að færa Pollaflokkinn inn í reiðhöll og stóð þar fyrir pollafimi. Góð mæting var í þessa nýjung hjá okkur og lagðist þetta vel í yngstu keppendurna.

Íslandsmót Barna og unglina 18-21 júní 2020.



Sleipnir tók að sér að halda Íslandsmót barna og unglina árið 2020. Lengi vel var óljóst hvort af mótinu yrði, en í lok maí var ákveðið að við myndum halda okkar striki, skipuleggja mótið og halda okkur við áður ákveðna dagsetningu. Allt spilaði með okkur og í byrjun júní voru fjöldatakmörk orðin þannig að ekkert var því til fyrirstöðu að mótið færi fram. Hófst Íslandsmót barna- og unglina 2020 „Nettó mótið“ á Brávöllum á Selfossi 18 júní og stóð til 21 júní.



Keppt var í eftirfarandi greinum:

Barnaflokkur: fimikeppni A, tölt T3, tölt T4 og fjórgangi V2.

Unglingaflokkur: fimikeppni A, tölt T1, tölt T4, fjórgangur V1, fimmangur F2, gæðingaskeiði PP1 og 100 m. flugskeiði P2.

Mótið var mjög vel sótt og tókst, að okkar mati, í alla staði mjög vel. Fulltrúar úr æskulýðsnefnd voru í mótanefnd, sem saman stóð af vel völdu fólki sem aðstoðuðu við það að gera mótið hið glæsilegasta. Það var líka frábært að sjá samheldni Sleipnismanna, sem tóku höndum saman við að hreinsa félagssvæðið, taka til í reiðhöll, klæða sjoppuskúr og lagfæra reiðvöllinn okkar sem fékk mikla yfirhalningu fyrir mótið. Eins aðstoðuð margir okkur á mótinu sjálfu, m.a. við ritara- og þula- og vallastörf, fótaskoðun, tölvu úrvinnslu ofl. Æskulýðsnefndarkrakkar stóðu vaktir í sjoppunni allt mótið og Æskulýðsnefndin sjálf sá um að elda og útvega mat fyrir dómara og annað starfsfólk mótsins, ásamt því að hlaupa í önnur störf sem þurfti að manna.

Mótanefndin vildi að verðlaunagripir mótsins minntu á Sleipni og varð úr að gerðir voru gripir sem skornir voru út eftir ljósmynd af Einari Öder, ástsælum Sleipnis féлага og stórknapa, sem féll frá langt fyrir aldur fram.



Kvöldvaka mótsins var haldin á laugardagskvöldinu í samstarfi við Meistaradeildina í Hestaþróttum, þar sem Selfyssingurinn Ingó veðurguð hélt uppi stuðinu, Silli kokkur mætti með matarbíl og sá um mat fyrir keppendur og kvöldið endaði svo með lokakeppni Meistaradeildarinnar, sem hafði dregist vegna covid -19. Keppt var í tölti T1 og í skeiði. Setti þetta lokamót skemmtilegan svip á íslandsmótið og voru áhorfendur fjölmargir.



Keppnissvæði Sleipnis á lokamóti Meistaradeildarinnar.

Við gátum ekki verið heppnari með veður, en bliða var flest alla keppnisdagana.



Aðalstyrktaraðili mótsins var Nettó, en svo keyptu eftirfarandi styrktaraðilar greinar á mótinu og hét hver grein þá eftir styrktaraðila greinarinnar;

Unglingar

V1- Sunnuhvoll

T1- Árbakki

T4 – Austurkot

F2- Skeiðbrekka

Fimi- Hjá Maddý

Gæðingaskeið-, PP1-Toyota Selfossi

100 m skeið – Kjarr



Vinningshafar í fimi unglinga

Barnaflokkur

T3- Gangmyllan

V2- Baldvin og Þorvaldur

T4- Fákaland Export

Fimi- Auðsholtshjáleiga.



Vinningshafar í fimi barnaflokki.

Samanlagða sigurvegara mótsins styrkti Eiðfaxi og kvöldvakan var styrkt af Bykó.

Svipmyndir frá Íslandsmóti Barna og unglinga.





Samanlagðir sigurvegarar mótsins: Védís Huld Sigurðardóttir Sleipni var samanlagður sigurvegari í Unglingaflokk og Lilja Rún Sigurjónsdóttir úr Fákí var samanlagður sigurvegari í Banaflokki.



Reiðskóli Sleipnis og Oddnýjar Láru.

Á Selfossi er starfræktur reiðskóli Sleipnis, þar sem börn geta sótt reiðnámskeið þó þau eigi ekki hesta. Oddný Lára Guðnadóttir hefur séð um þennan reiðskóla undanfarin ár. Á sumrin er boðið upp á 5-10 daga námskeið þar sem börnin læra grunnatriði í hestamennsku, ásetu og stjórnun, farið er í útreiðatúra ásamt uppákomum í reiðhöll. Námskeiðið býður upp á hest, reiðtygi og hjálm. Oddný byrjaði á því að hafa námskeiðin eingöngu á sumrin en ákvað svo haustið 2019 að halda áfram um haustið og endaði á því að vera með reiðskólann starfræktan einnig á vormánuðum, en þurfti að pása námskeiðið í mars vegna Covid-19. Reiðskóli Sleipnis og Oddnýjar Láru er mjög vel sóttur og sumarið 2020 voru 155 krakkar skráðir í reiðskólann. Frábært tækifæri fyrir krakka til að kynnast hestamenskunni og erum við að sjá krakka skila sér inn á reiðnámskeið með sína eigin hesta síðar meir. Oddný Lára er í þessum skrifuðu orðum að skipuleggja starf haustsins og ætlar aftur af stað með námskeið núna í október.

Annað sem Æskulýðskrakkar brölluðu.

Plokk dagurinn var haldin í Árborg 27.apríl. Sleipniskrakkar létu sitt ekki eftir liggja og týndu rusl á reiðvegnum, eða svokölluðum Bykohring og Skógarhring.



Meðlimir Æskulýðsnefndar sjá einnig reglulega um að telja flöskur sem safnað er í dósagáma í hesthúsahverfinu og eru fjáröflun fyrir starfið. Eins vorum við með veitingasölu á folaldasýningu Flóahrepps sem og Íslandsmóti barna og unglinga.



Hauststarfið.

Núna í lok september mun Guðmundur Árnason söðlasmiður hitta krakkana og fara yfir mikilvægi þess að hugsa vel um reiðtygi sín. Hver og einn mætir með hnakkinn sinn og sýnir Guðmundur þeim hvernig eigi að þrífa og bera á hnakkinn. Eins fer hann yfir hvaða hlutverk hver partur hnaksins hefur, mismunandi beislisbúnað og fleira í þeim dúr.

Í október var hugmynd að fá þær systur Glódísi og Védísi á Sunnhvoli til að hitta krakkana og fara með þeim yfir upphaf þjálfunar og hvað best sé að hafa í huga þegar hestar eru teknir inn eftir sumarhvíld.

Í nóvember ætlum við svo að fá Erlend Árnason til að koma og spjalla við krakkana um umhirðu hófa, mikilvægi þess að fylgjast með fótum hestanna, læra að þekkja t.d. múkk, þurra hófa og fleira tengdum fótum og fótabúnaði hestanna.

Í desember ætlum við svo að hafa jólaþema, vera með jólabingó, borða piparkökur og drekka kakó.

Uppskeruhátíð Æskulýðsnefndar Sleipnis er einnig á dagskrá á haustmánuðunum. Þar eru veitt viðurkenningarskjöl fyrir þátttöku á námskeiðum vetrarins, komið saman, spjallað, borðað og haft gaman.

Að lokum.

Gott starf æskulýðsnefndar í hverju félagi er nauðsynleg, því krakkarnir eru framtíð félagsins. Sleipnir hefur stutt vel við æskulýðsnefndina með hvers lags nýjungum sem við höfum beðið um til að bæta starfið.

Mikill áhugi er meðal barna og unglinga í félaginu sem við reynum eftir bestu getu að efla og halda í starfinu. Til þess þurfum við að hafa fjölbreytt námskeið og tilboð sem henta sem breiðustum hópi. Eins vitum við það að keppnismennskan er harður heimur fyrir þá sem ekki eru nógu vel hestaðir og höfum við því hugsað okkur að bjóða áfram upp á fjölberytt námskeið sem kynnir hinar ýmsu hliðar hestamennskunnar og tengir einnig við greinar sem keppt er í á mótariðinni Æska suðurlands. Eru þetta greinar eins og fimi í allri sinni mynd, hindrunarstökk og smali. Auk þess sem hugmyndin er að bjóða upp á sætisæfingar og þrautir á hestum, grunnkennslu í hlýðniæfingum og að sjálfsögðu skemmtilegum ferðum í góðum félagsskap. Til að ná til yngstu kynslóðarinnar er hugmyndin að hafa reglulega pollastundir, tengdar mótum félagsins, þar sem boðið er upp á þrautabraut og reiðleiðir sem henta hverju getustigi fyrir sig.

Við þökkum fyrir starfið á árinu 2019-2020 og hlökkum til starfsins á nýju ári, sem verður án efa skemmtilegt og fjölbreytt og vonandi ekki eins flókið og árið 2020 er búið að vera. Ljóst er að framtíð hestamennskunnar er björt.

Fyrir hönd æskulýðsnefndar Sleipnis, Guðrún Linda Björgvinsdóttir.



Landsbankinn- aðalstyrktaraðili Sleipnis